



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Rekstrarleyfi Regnbogans

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. september 2021 voru lögð fram drög að rekstrarleyfi fyrir leikskólann Regnbogann ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. september 2021. Rekstrarleyfi fyrir Gaudium ehf. samþykkt með þeim hætti að það taki gildi 1. október 2021. Frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi Dignitas ehf.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað, dags. 22. september 2021
Drög að rekstrarleyfi

Reykjavík, 22. september 2021

SFS2021060296

216. fundur

HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn um rekstrarleyfi fyrir leikskólann Regnbogann og brottafell eldra rekstrarleyfis

Með bréfi, dags. 23. júní 2021, var sótt um að rekstrarleyfi fyrir sjálfstætt starfandi leikskólann Regnbogann leikskóla, Bleikjukvísl 10, 110 Reykjavík færðist frá Dignitas ehf. kt. 701001-3540 til Gaudium ehf., kt. 600721-0970. Stofnandi, faglegur leiðtogi og skólastjóri Regnbogans hefur frá upphafi verið E. Lovísa Hallgrímsdóttir.

Í umsókn kemur fram að Sigríður D. Ámundadóttir muni verða leikskólastjóri og faglegur leiðtogi Regnbogans. Sigríður hafi starfsleyfi sem leikskólakennari og MSc. í Mannauðsstjórnun og vinnusálfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Munu hjónin Sigríður D. Ámundadóttir og Arnar Guðnason M.Sc. í tölvunarfræði, stofna einkahlutafélag um rekstur leikskólans. Með umsókninni er óskað eftir að Sigríði verði veitt starfsleyfi frá 1. september 2021 samkvæmt lögum og reglum þar um. Sigríður hyggist reka Regnbogann með sömu gildum og áherslum og verið hefur frá upphafi.

Samkvæmt núgildandi rekstrarleyfi hefur skólinn heimild fyrir 82 börnum.

Framangreind umsókn hefur verið yfirfarin af skóla- og frístundasviði, sem telur hana fullnægja reglum Reykjavíkurborgar til að reksturs leikskóla, sem samþykktar voru af leikskólaráði þann 26. nóvember 2008. Lagt er til að rekstrarleyfi verði samþykkt fyrir Gaudium ehf., kt. 600721-0970 með þeim hætti að það taki gildi 1. október 2021 og að jafnframt verði fallist á að rekstrarleyfi Dignitas ehf. kt. falli úr gildi frá sama tíma.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilyrði fyrir greiðslu framlags vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag.

Rekstarleyfi fyrir leikskólann Regnboginn

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Gaudium ehf. kt. 600721-0970 leyfi til að reka leikskólann Regnbogann.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans við Bleikjukvísl 10 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 82 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Vottorð liggar fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennrarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingum um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitnesku um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skyld að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2017.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skyld að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests.

Reykjavík, x.x. 2021

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

